

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Safn Sigurðar Péturssonar.

1. gr.

*Heiti.*

Sjálfseignarstofnunin heitir Safn Sigurðar Péturssonar og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

*Heimilisfang.*

Heimilisfang stofnunarinnar er í Reykjavík.

3. gr.

*Markmið.*

Markmið stofnunarinnar er stofnun safns í nafni stofnanda, Safn Sigurðar Péturssonar, sem skal starfa á grundvelli erfðaskrár stofnanda, dagsettrar 15. júlí 2016, sbr. og skipulagsskrár hans dagsettrar sama dag, sem er órjúfanlegur hluti stofnskrár þessarar (birt sem fylgiskjal við skipulagsskrá þessa). Grundvallarmarkmið með sjálfseignarstofnuninni, Safni Sigurðar Péturssonar, er stofnun safns og rekstur þess sem yrði opið og aðgengilegt almenningi. Tilgangi þess og hlutverki er m.a. nánar lýst af stofnanda, með svofelldum hætti:

„Það er von mín að safn eins og það sem ég hef í huga gæti orðið góð viðbót við þau söfn sem til eru og stuðlað að því að varðveita og sýna með áþreifanlegum hætti sögu daglegs lífs og þess umhverfis sem fyrri tíðar menn lifðu við og þær breytingar sem tengsl við útlönd leiddu til í árána rás. Yrði þá áhersla lögð á fjölmenningsþáttinn og þann margbreytileika sem er að finna í gerð húsmuna. Slíkt gæti í senn orðið notadrjúgt við margs konar rannsóknir og vonandi einnig til almennrar fræðslu og skemmtunar“.

4. gr.

*Stofnandi.*

Stofnandi stofnunarinnar er Sigurður Pétursson, kt. 200944-7399, Steinavör 10, Seltjarnarnesi, skv. erfðaskrá. Sigurður andaðist hinn 28. janúar 2020.

5. gr.

*Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.480.000, sem lagt er fram í reiðufé af dánarbúi stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

6. gr.

*Önnur framlög og eignir.*

Allar eignir eða andvirði þeirra, sem stofnandi lætur eftir sig, skv. erfðaskrá sinni skulu afhentar sjálfseignarstofnuninni til fullrar eignar eftir að skiptum á dánarbúi stofnanda er lokið.

Öllum fjármunum stofnunar Sigurðar Péturssonar skal ráðstafað til reksturs og uppbyggingar á safni í þágu markmiða stofnunarinnar skv. 3. gr. þ. á m. kaupa á húsakosti fyrir safnið.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar.

7. gr.

*Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn/stjórnir, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fundi. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

*Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

9. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

10. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

11. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignar-stofnunarinnar og til næstu áramóta.

12. gr.

*Breyting skipulagsskrár, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

13. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 31. október 2023,*

**Björn Hrafnkelsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrimsdóttir.*

**Fylgiskjal.****SKIPULAGSSKRÁ  
fyrir Safn Sigurðar Péturssonar.**

## 1. gr.

*Nafn og heimilisfang.*

Safn Sigurðar Péturssonar er sjálfseignarstofnun, sem starfar skv. lögum nr. 19/1988. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er að Höfðatorgi, Katrínartúni 2, 16. hæð, Reykjavík.

## 2. gr.

*Aðdragandi að stofnun – tilgangur – hlutverk.*

Ég undirritaður, Sigurður Pétursson, kt. 200944-7399, Steinavör 10, Seltjarnarnesi (stofnandi) hef með hjálagðri erfðaskrá dagsettri 15. júlí 2016, ákveðið að allar eigur mínar sem þar eru tilgreindar í 2. gr., skuli eftir minn dag, afhentar Safni Sigurðar Péturssonar – sjálfseignarstofnun (í skipulagsskrá þessari m.a. vísað til sem „félagið“) og starfar á grundvelli skipulagsskrár þessarar.

Safn Sigurðar Péturssonar er stofnað að vandlega íhuguðu máli stofnanda og viðræðum hans við kunnáttumenn á ýmsum sérsviðum sem tillit þurfti að taka til.

Tilgangi og hlutverki Safns Sigurðar Péturssonar lýsir stofnandi með eftirgreindum hætti:

„Hvata að stofnun safnsins og hugsun að baki slíku safni sem hér um ræðir má finna bæði í almennri þróun mannlífs sem verið hefur á æviskeiði stofnanda svo og persónulegri sögu nokkurra kynslóða fjölskyldu hans sem um margt er sérstök og ekki dæmigerð nema að ákveðnu marki.

1. Menn hafa um aldir ferðast og flutt sig um set bæði í hópum og sem einstaklingar. Þetta hefur vissulega sett sinn svip á mannlíf og menningu víða um heim eins og almenn saga sýnir svo glögglega. Landnámsmenn á Íslandi báru sína menningu með sér og þótt hún tæki ef til vill ótrúlega litlum breytingum í margar aldir vegna legu landsins og takmarkaðra mannlutninga erlendis frá má þó víða sjá erlend menningaráhrif á ýmsum sviðum bæði á miðöldum og síðari öldum. Með tíðari samskiptum landa á milli á 19. öld þegar siglingar eflust og farið var að sigla á veturna er ljóst að nýir síðir áttu mun greiðari aðgang að lífi manna hér á landi og því verða menn varir við greinileg tískuáhrif frá Evrópu á mörgum sviðum mannlífs ekki síst í kaupstöðum landsins. Komur útlendinga urðu tíðari og sumir settust hér að og mótuðu umhverfi sitt með ýmsu móti. Áhrif danskrar menningar voru líklega mest áberandi og segja má að þar með hafi verið stigin fyrstu spor í sögu fjölmenningar á Íslandi sem eflst hefur og dafnað allar götur síðan ekki síst vegna þjóðfélagsbreytinga og pólitískrar þróunar á erlendum vettvangi. Fræðilega hefur þessum merka þætti ekki verið mikið sinnt fyrr en á síðari árum að gagnmerkar rannsóknir hafa verið gerðar t. d. á menningartengslum Dana og Íslendinga á 20. öldinni sem birst hafa í bókinni *Gullfoss (Gullfoss, Mödet mellem dansk og islandsk kultur i 1900-tallet*. Redigeret af Auður Hauksdóttir, Guðmundur Jónsson og Erik Skyum-Nielsen, Forlaget Vandkunsten, København 2015). Og núna (júlí 2016) er til að mynda verið að undirbúa sýningu í bogasal Þjóðminjasafnsins á fjölmenningu og hvernig hún birtist á Íslandi.
2. Fjölskylda stofnanda Sigurðar Péturssonar og líf hennar á 20. öldinni og fram á þennan dag hefur einkenst mjög af þessari þróun. Eins og fram kemur í áðurnefndri bók, *Gullfoss*, voru samskipti og tengsl við Danmörk og Dani mjög áberandi þættir í störfum og daglegu lífi margra meðlima fjölskyldunnar um þriggja kynslóða bil og því allrar athygli verð í sögulegu ljósi. Þau menningaráhrif sem þar mynduðust voru hins vegar margþættari en virðast kann við fyrstu sýn. Móðir Sigurðar, Ebba Paludan-Mueller (1912-2004), sem fluttist frá Danmörku til Íslands árið 1938 var ekki dæmigerður Dani. Hún var fædd í Tælandi og átti tælenska móður og danskan föður. Hún ólst upp fyrstu átta ár ævi sinnar í Bangkok en fluttist þá til Danmerkur og menntaðist á danska vísu þó að fyrsta tungumál sem hún lærði hefði verið tælenska. Þessa sérstöku lífsreynslu bar hún með sér til Íslands og inn í hana veitti hún sonum sínum, Ólafi (1939-2012) og Sigurði (f. 1944), sem hún átti með eiginmanni sínum Pétri Sigurðssyni (1911-1998), ríkulega innsýn. Þessi blanda og gagnverkandi áhrif einskorðuðust því ekki við tvo menningarheima heldur bættist við tælenskur þáttur sem einkenndist af því sérstaka lífi sem Danir búsettir í Tælandi höfðu skapað. Það líf sem Ebba Paludan-Mueller mótaði á

Íslandi var því með sanni í anda fjölmenningar þótt það væri ekki skýrgreint með því móti fyrir mörgum áratugum. Séu þessar aðstæður skoðaðar í spegli liðinnar tíðar er ljóst að sú fjölskylda sem Pétur Sigurðsson og Ebba Paludan-Mueller mynduðu með sonum sínum hefur verið í hópi fyrstu fjölskyldna Íslands sem byggðu daglegt líf sitt svo greinilega á hefðum og siðum þriggja landa. Varðveist hafa ýmis skjöl, sendibréf og fjöldi ljósmynda sem lýsa vel meira en aldagamalli sögu og munu þau gögn verða afhent handritadeild Landsbókasafns Íslands til eignar og varðveislu.

3. Ofangreind gögn eru hins vegar ekki það eina sem varðveist hefur og lýst getur sögulegri þróun bæði frá almennum sjónarhóli og einnig með tilliti til einnar ákveðinnar fjölskyldu. Eitt einkenna fjölskyldu Sigurðar Péturssonar hefur verið að gæta eigna sinna eins vel og aðstæður leyfa og því hefur með tímanum fallið í skaut Sigurðar þó nokkuð af húsgögnum og öðrum innanstokksmunum sem verið hafa í eigu forfedra hans og skyldmenna bæði á Íslandi, í Danmörku og í Tælandi allt frá miðri 19. öld. Stöku munir eru þó mun eldri. Þar við bætist áhugi á forn- og listmunum sem stuðlað hefur að vexti og auknu gildi þeirra muna sem í safninu er að finna. Þessi áhugi helgast ekki síst af þeirri skoðun að mikið magn handunninna hluta hefur þegar glatast og að mikil þörf sé á því að gæta muna sem enn eru varðveittir. Handverk í húsgagnagerð og listiðnaður eru víðast á undanhaldi eins og sjá má t.d. á hvarfi verkstæða og verslana húsgagnasmiða sem voru víða í Reykjavík fyrir nokkrum áratugum. Breytt lífsform leiða til þess að fjöldi manna verslar mestmegnis í stórverslunum þar sem verksmiðjuframléiddar vörur ráða ríkjum. Við þessar breytingar er mikil hætta á að saga margra iðngreina falli einnig í gleymiskunnar dá. Það er von mín að safn eins og það sem ég hef í huga gæti orðið góð viðbót við þau söfn sem til eru og stuðlað að því að varðveita og sýna með áþreifanlegum hætti sögu daglegs lífs og þess umhverfis sem fyrri tíðar menn lifðu við og þær breytingar sem tengsl við útlönd leiddu til í árunna rás. Yrði þá áhersla lögð á fjölmenningsáttinn og þann margbreytileika sem er að finna í gerð húsmuna. Slíkt gæti í senn orðið notadrjúgt við margs konar rannsóknir og vonandi einnig til almennrar fræðslu og skemmtunar. Skráning muna er hafin þar sem hlutum er lýst og sögu þeirra gerð eins góð skil og kostur er“.

### 3. gr.

#### *Stofnandi og stofnfé.*

Safn Sigurðar Péturssonar er sjálfseignarstofnun og skal starfa á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjálfseignarstofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Stofnandi félagsins er: Sigurður Pétursson, kt. 200944-7399,  
Steinavör 10, Seltjarnarnesi.

Upphafsstofnfé er kr. 1.126.000 sem greiðist af stofnanda við stofnun/skráningu félagsins.

Viðbótarstofnframlag, þ.e. allar eignir eða andvirði þeirra, sem stofnandi lætur eftir sig, sbr. hjálagða erfðaskrá, dagsetta 15. júlí 2016, skal afhent félaginu til eignar eftir að skiptum á dánarbúi stofnanda er lokið.

Hvorki félög, stofnanir, fyrirtæki né einstaklingar geta orðið aðilar að Safni Sigurðar Péturssonar.

Safn Sigurðar Péturssonar ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er það kann að eignast síðar.

### 4. gr.

#### *Tekjur.*

Tekjur félagsins eru auk vaxta af heildar stofnframlagi, framlög fyrirtækja og opinberra aðila, styrkir, tekjur af þjónustu, gjafir, annað sjálfsaflafé eða önnur framlög sem félaginu kunna að berast.

Tekjum og eignum félagsins má eingöngu verja í samræmi við tilgang þess. Allur hagnaður félagsins rennur því til almenningsheilla þar sem honum verður varið til þess að efla starfsemi félagsins.

## 5. gr.

*Stjórn.*

Stjórn félagsins skal taka til starfa strax eftir að Sigmundur Hannesson hrl. – executor testamenti – hefur lokið skiptum eftir minn dag og afhent Safni Sigurðar Péturssonar (félaginu) viðbótarstofnframlagið, sbr. 3. gr. stofnskrár þessarar, sbr. 3. og 4. gr. hjálagðrar erfðaskrár minnar, dagsettrar 15. júlí 2016.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur einstaklingum til eins árs og jafnmörgum til vara til jafnlangs tíma.

Stjórn félagsins skipa:

Sigmundur Hannesson, kt. 260753-5179, Frostaskjól 33, Reykjavík – formaður;

varamaður hans:

Jóhannes Árnason, kt. 180480-3079, Hjarðarhaga 23, Reykjavík.

Hermann Ársælsson, kt. 210565-4269, Miðbraut 16, Seltjarnarnes – meðstjórnandi;

varamaður hans:

Fabio La Marca, kt. 091178-2819, Miklubraut 60, Reykjavík.

Steinar Örn Atlason, kt. 060477-4779, Dunhaga 17, Reykjavík – meðstjórnandi;

varamaður hans:

Hjalti Snær Ægisson, kt. 111081-4339, Hringbraut 59, Reykjavík.

Stjórnin er ábyrg fyrir faglegu starfi félagsins í samræmi við skráðan tilgang þess og hlutverk, skv. 2. gr.

## 6. gr.

*Fundir stjórnar.*

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal gerðabók og skal færa í fundargerðir allar bókanir, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður funda stjórnar og ársfundar.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Stjórnarfundi skal boða með tryggilegum hætti með a.m.k. 5 daga fyrirvara og er stjórnarfundur lögmætur ef meirihluti stjórnar mætir. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur.

## 7. gr.

*Prókúruumboð – fjárvörsluaðili.*

Formaður stjórnar skal hafa prókúru fyrir félagið, eftir að skipulagsskrá þessi hefur verið staðfest af þar til bærum yfirvöldum og skráð opinberlega lögum samkvæmt. Prókúruhafi skal vera fjárvörsluaðili félagsins, koma fram fyrir hönd félagsins, annast rekstur þess og bera ábyrgð á rekstri þess.

Prókúruhafi getur einn skuldbundið félagið.

## 8. gr.

*Ársfundur.*

Ársfundur félagsins skal haldinn fyrir lok maí ár hvert. Ársfundinn skal boða með tryggilegum hætti og að lágmarki með tveggja vikna fyrirvara. Á ársfundi eiga rétt til setu aðalstjórn og varamenn stjórnarmanna.

Dagskrá ársfundar skal vera eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla ársreiknings.
3. Tilkynnt um skipun stjórnar og endurskoðanda.
4. Þóknun til stjórnarmanna.
5. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá.
6. Starfs- og rekstraráætlun yfirstandandi árs.
7. Önnur mál.

9. gr.

*Reikningsár.*

Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðanda eigi síðar en 15. apríl eftir lok síðasta reikningsárs. Reikningar skulu gerðir af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

*Breyting skipulagsskrár, slit félags og úrsögn.*

Til breytinga á skipulagsskránni þarf samþykki allra stjórnarmanna.

Með tillögum um slit og skipti á félaginu skal fara með sama hætti og um breytingar á þessari skipulagsskrá. Komi til þess að félagið verði lagt niður skal hrein eign þess renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 2. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

Þar sem ákvæði þessarar skipulagsskrár ná ekki til skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988, svo og öðrum lagaákvæðum sem við geta átt.

Samþykkt af stofnanda Sigurði Péturssyni:

Seltjarnarnesi, 15. júlí 2016.

Sigurður Pétursson.

Samþykki væntanlegs stjórnarformanns og prókúruhafa:

Sigmundur Hannesson hrl.

Vottar að rétttri dags., undirritun  
og fjárræði aðila:

Jórunn Guðmundsdóttir, kt. 221264-3479  
Helga Guðjónsdóttir, kt. 160356-2869